

Stjórn Landspítala

Fundargerð

Fundur boðaður	20. janúar 2023 kl. 12:00-15:30
Staðsetning	Skaftahlíð 24, R (Salur: Furuhlíð 1, 1.h.)
Númer fundar	07
Viðstaddir	<u>Stjórn</u> : Björn Zoëga formaður, Sólrún Kristjánsdóttir varaformaður, Höskuldur H. Ólafsson, Ingileif Jónsdóttir og Gunnar Einarsson. <u>Áheyrnarfulltrúar starfsmanna</u> : Marta Jóns Hjördísardóttir og Örvar Gunnarsson. <u>Aðrir</u> : Runólfur Pálsson forstjóri Landspítala, Þórunn Oddný Steinsdóttir skrifstofustjóri, Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindadeildar, Rósa Björk Barkardóttir, formaður vísindaráðs Landspítala, Svava María Atladóttir, framkvæmdastjóri þróunarsviðs, Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri fjármála og mannuðs, Bryndís Guðmundsdóttir, verkefnastjóri.
Fundarstjóri:	Björn Zoëga formaður
Fundarritari:	Þórunn Oddný Steinsdóttir

Dagskrá

1. Fastir liðir

Samþykkt fundargerða

Fundargerð síðasta fundar samþykkt.

Bókun: Í fundargerðum verði framvegis bókað hverjir stíga inn á fund og hverjir víki af fundi.

Skýrsla forstjóra og langtímastefna

Upplýst að ekki hefði verið kláruð ráðning í framkvæmdastjóra skurðlækningasviðs. Lítur út fyrir að Þórir Sigmundsson muni þiggja starfið.

Fréttaflutningur um spítalann ræddur. Hefur verið gríðarlegt annríki yfir hátíðirnar en er aðeins farið að draga úr því. Ákveðið hafi verið að miðla gögnum og senda út yfirlýsingar um stöðuna svo að tölulegar upplýsingar og fleira komist til skila. Er talið hafa gefist vel.

Alvarleg atvik hafa verið til umfjöllunar en í kringum hátíðirnar varð eitt slíkt innan bráðabjónustunnar. Því hefur verið haldið fram að alvarlegum atvikum hefði fjölgað. Rétt að undirmönnun getur fylgt aukin hættu á atvikum en alvarlegum atvikum hefur hins vegar ekki fjölgað innan spítalans. Atvikum hefur heilt yfir aðeins fjölgað síðust ár sem m.a. má rekja til betri skráningar.

Fréttaflutningur hefur verið af málefnum starfsmanna, þ.e. mála sem hafa verið til meðferðar innan réttarkerfisins. Hjúkrunarfræðingur hefur verið ákærður fyrir manndráp af ásetningi. Mál læknis sem hefur starfað á spítalanum sem hefur verið sakaður um að valda dauða fjölda einstaklinga. Verið að skoða innan spítalans hvort setja eigi sérstakar reglur um vinnulag í tengslum við svona mál. Brýnt að þróa verklagsreglur um hvernig á að vinna með svona mál. Umræður um með hvaða hætti svona mál eru meðhöndluð.

Bókun: Stjórn ákveður að þegar málefni einstakra starfsmanna koma upp á stjórnarfundum þá víki fulltrúar starfsmanna af fundi.

Verkefni í tengslum við nýjan Landspítala. Stýrihópur vinnur ötullega að verkefnum NLSH. Áfangaskýrsla var kynnt fyrir fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra 19. janúar og verður kynnt stjórn og rædd á næsta stjórnarfundum NLSH.

Bráðabjónustan rædd. Starfsemisupplýsingar á bráðamóttöku kynntar. Hefur verið unnið að því að færa verkefni yfir á rétt þjónustustig en innlagnartíðni hefur aukist og staðan er erfið. Innlagnatíðni síðustu daga kynnt og yfir þennan háannatíma. Meðaltal þeirra sem hafa beðið innlagnar í upphafi hvers dags hefur verið í kringum 27 sjúklingar. Opna þurfti viðbótarlegurými á Landspítala, eins og í öðrum löndum, m.a. Svíþjóð og Bretlandi. Innlagnartíðni á bráðamóttöku rædd en tíðnin hefur aukist síðan 2019. McKinsey skýrslan byggir á tölum frá árinu 2019.

Upplýsingar um einstaklinga með færni og heilsumat sem bíða rýmis á hjúkrunarheimili kynnt.

Skýrsla um bráðabjónustu rædd og kynnt. Bráðabjónusta á höfuðborgarsvæðinu hefur ekki þróast nægilega hratt. Ýmislegt ágætt í skýrslunni. Settar fram 39 tillögur sem sumar beinast að Landspítala, aðrar að heilbrigðisstofnunum eða stofnunum heilbrigðisþjónustunnar. Margar tillagnanna eru nú þegar í vinnslu og annað þarf að setja í farvegi.

Fjöldi hjúkrunarfræðinga kynntur og alþjóðlegar tölur. Annmarkar á tölunum ræddir. Verið að kortleggja betri tölur til að fá skýrari mynd. Skýrsla frá Félagi hjúkrunarfræðinga til um þetta þar sem búið er að greina fleiri þætti. Mikilvægi þess að greina frekar þessar tölur á réttað. Erlend tölfræði rædd og ýmsar mýtur um fjölda hjúkrunarfræðinga í öðrum störfum, t.d. í Svíþjóð. Þar hefur komið í ljós að 92% hjúkrunarfræðinga eru að vinna við hjúkrun, 8% eru öryrkjar eða að vinna önnur störf.

Tölfræði yfir fjölda lækna kynnt og rædd. Laun sérfræðilækna kynnt og rædd út frá nýjum tölum frá EuroNews. Læknar á Íslandi í 5 sæti. Heimilislæknar á Íslandi í fyrsta sæti, með tvöföld laun á við Finna.

Ímynd Landspítala sem vinnustaðar rædd og hvernig miðla eigi upplýsingum um stofnunina og vinnustaðinn Landspítali. Ákveðið að á næsta fundi stjórnar verði samskiptastefna Landspítala kynnt og rædd.

Hlutverk Landspítala rætt og hve stór hluti af fjárveitingunum fer í verkefni sem við eigum ekki að vera að sinna. Tækifæri sem myndu skapast ef að hægt væri að nýta starfsfólkið í önnur verkefni sem fengist greitt fyrir samkvæmt DRG. Hlutverk Sjúkratrygginga Íslands einnig rætt sem kaupanda þjónustunnar.

Rætt um með hvaða hætti stjórn geti veitt framkvæmdastjórn stuðning. Rætt um fundi stjórnar með framkvæmdastjórn þar sem hægt væri að ræða stuðning og samstarf. Ákveðið að forstjóri komi með tillögur til stjórnar um hvernig samstarfinu verði hagað.

Áherslumál framkvæmdastjórnar Landspítala kynnt og stefnumörkunarvinna um langtímastefnu. Höfuðáhersla lögð á skipulagða styrkingu bráðapjónustu og stýringu á flæði, legurými í bráðapjónustu, dag- og göngudeildir, vaktaskipulag, árangursvísa, gæðastaðla og akademíska starfsemi. Síðan á að velja lykilverkefni fyrir fyrstu 100 daga nýrrar framkvæmdastjórnar, sem verða í forgrunni.

Rætt um biðlista eftir skurðaðgerðum og mögulegar leiðir til að vinna niður biðlista. Mikilvægi miðlægs biðlista áréttað til að auka yfirsýn og gagnsæi í öllu kerfinu.

Vinnuskipulag lækna og annarra stétta rætt og vinnu sem nú er í gangi við að færa verkefni frá sérhæfðum starfsstéttum yfir á aðra starfsmenn.

Rekstur og fjármál Landspítala – kynning

Gestir – Gunnar Ágúst Beinteinsson, framkvæmdastjóri rekstar og mannauðs og Bryndís Guðmundsdóttir, áætlanastjóri, koma inn á fundinn.

Farið yfir kostnað vegna Covid-19 heimsfaraldurs, hann kynntur og ræddur. Uppgjör 2022 kynnt eins og það stendur núna. Spá í lok árs, frávikið var skv. spá 1 milljarður í afgang og þar af voru tekjur vegna fyrra árs. Tæplega 900 m.kr eru tekjur vegna útgjalda frá fyrra ári. Gróf endurskoðun bendir til þess að útkoman verði í heildina um 400 m.kr. verri en áætlað var, talsvert á aðgerðasviðinu en einnig jókst framleiðsla í lok árs. Kemur í ljós þegar DRG gögn eru rýnd. Árið stefnir því í mínus upp á 300 m.kr.

Stjórn upplýst um að árið 2023 verði síðasta ár samnings sem gerður var við fjármálaráðuneytið um uppsafnaðan halla. Áskoranir og tækifæri í fjárhagsáætlun rædd sem og fjáráukalög.

Greiðslur vegna rauðra daga ræddar, sem og greiðslur vegna betri vinnutíma í vaktavinnu sem við höfum ekki fengið bættar. Ekki verið greiddur nægur vaktahvati en vonir standa til þess að samið verði um þetta í nýjum kjarasamningum.

Aukin stoðþjónusta rædd og aukinn kostnaður í tengslum við slíka þjónustu sem ekki hefur fengist aukafjárveiting vegna.

Fjárveiting vegna sóttvarnareiningar rædd og hvernig sú fjárveiting verði að öllum líkindum nýtt í bráðadagdeild lyflækninga á meðan sóttvarnareining er ekki að störfum. Einnig þarf að skoða hvort hægt verði að sækja sérstaka fjárveitingu vegna viðbótarlauna og álags í tengslum við veirusýkingafaraldur vetrarins.

Gunnar Ágúst og Bryndís víkja af fundi.

2. Vísindastarf á Landspítala

Magnús Gottfreðsson, yfirlæknir vísindadeildar, kemur inn á fundinn ásamt Rósu Björk Barkardóttur, formanni vísindaráðs.

Vísindadeild hefur stoðhlutverk gagnvart vísindastarfi spítalans.

Fjallað um hvers vegna stundaðar eru vísindarannsóknir á spítalanum, það er hlutverk spítalans skv. lögum, bætir þjónustu, mönnun og heldur fólki að störfum. Krefst þolinmæði, innsýnar og langtímahugsunar. Áskoranirnar eru þær að þegar það eru krísur og verkefni sem krefjast tafalausrar úrlausnar í klínísku

starfseminni mætir vísindastarfið afgangi. Ekki sérstakar fjárveitingar til spítalans vegna vísindastarfs sem hefur einnig áhrif á forgangsröðun vísindastarfs.

Rætt um umfjöllun um vísindastarf í McKinsey skýrslunni og fyrirkomulag fjármögnunar vísindarannsókna hér á landi sem og erlendis. Það fjármagn sem sett er í vísindastarf skilar sér til baka í auknum sjóðum. Einnig fjallað um skýrslu Nordforsk sem ekki hefur verið uppfærð. Í henni er fyrst og fremst verið að bera saman vísindaleg afköst og gæði í mismunandi löndum á Norðurlöndum. Getur verið flókið að setja ákveðna mælikvarða en menn komu sér saman um samræmdan mælikvarða sem fólst í því að reikna hlutfallslegan tilvitnunarstuðul, þ.e. hve mikla athygli vekja rannsóknirnar yfir ákveðið tímabil. Farið yfir þróun í tilvitnunarstuðli innan íslenskrar heilbrigðisþjónustu fyrir sameiningu og fram til dagsins í dag. Um það bil sem sameiningin er að hefjast stöndum við mjög sterk hvað vísindastarf varðar, voru með hæsta hlutfallslega tilvitnanastuðulinn á Norðurlöndunum, sem er frábær árangur. Landspítali gefur síðan mikið eftir fljótlega eftir sameiningu. Fer úr því að vera í efsta sæti og núna er hann kominn á botninn og niður fyrir heimsmeðaltal. Þessar tölur hafa ekki verið uppfærðar en gera má ráð fyrir þær hafi ekki breyst mikið.

Aðrir mælikvarðar eru t.d. fjöldi verkefna sem eru að frumkvæði rannsakenda á stofnuninni. Ef aðilar innan stofnunar eða stofnunin sjálf hefur eignarhald á verkefni þá skilar það sér í formi stofnanamenningar og stolts. Fjöldi birtinga er annar mælikvarði þar sem hægt er að nota einfalda talningu. Svo eru einkaleyfi einnig mælikvarða á árangur, samstarf við sprotafyrirtæki. Annar árangursvísir er einkaleyfi og samstarf við sprotafyrirtæki, fjöldi nema, fjöldi leyfa frá eftirlitsaðilum eða siðanefndum, fjöldi styrkja og hvernig aðilum gengur að afla styrkja. Röð háskólastofnana á þljóðlegum listum.

Samstarf við háskóla rætt. Spítalinn virðist njóta góðs af samstarfi við Háskóla Íslands á sviði heilbrigðisvísinda.

Vísindarannsóknanevnd rædd og hlutverk hennar skýrt. Nefndin fer yfir aðgang að gögnum innan spítalans. Þar er hægt að afmarka klínískar lyfjarannsóknir en á hverju ári eru 2 til 7 klínískar lyfjarannsóknir sem sótt er um. Rætt um klínískar lyfjarannsóknir á spítalanum og mikilvægi þess að skapa tengingar við lyfjafyrirtæki og þannig auka aðgang að lyfjum í lyfjarannsóknum sem sparað getur spítalann nokkra fjármuni.

Farið yfir veitingu styrkja til vísindarannsókna. Styrkir hafa verið nokkuð jafnir milli ára, ekki aukning en ekki hnignun heldur. Vísindasjóður ræddur en sjóðurinn er mikilvægt tæki fyrir stjórn og stjórnendur spítalans. Margir af yngri vísindamönnum fá stuðning sjóðsins. Formaður vísindaráðs situr fundinn, forstjóri spítalans er formaður stjórnar sjóðsins. Framlög til sjóðsins dregin fram og framlög úr sjóðnum kynnt. Sjóðurinn hefur verið að skreppa saman á síðustu árum. Heilt yfir hafa framlög verið að dragast saman að raungildi. Sókn starfsmanna í sjóðinn er einnig að dragast saman, líklega vegna skorts á tíma og aðstöðu. Covid-19 dró úr mátti vísindamanna, sbr. gögn, en af samtölum við vísindamenn að dæma þá er skortur á tíma það fyrsta sem fólk nefnir. Einnig hefur ungt fólk í dag annað og breytt viðhorf en áður var.

Magnús Gottfreðsson víkur af fundi.

Fjárveitingar til vísindastarfs ræddar og mikilvægi þess að eyrnamerkja fjárveitingar til vísindastarfs sem og hækka framlög upp í 3%. Forstjóra falið að fylgja bókuninni eftir við heilbrigðisráðherra með því að senda honum fundargerð fundarins þar sem vakin er sérstök athygli á þessari bókun.

3. Nýsköpun

Svava María Atladóttir, framkvæmdastjóri þróunar, kemur inn á fundinn.

Formaður víkur af fundi – varaformaður tekur við stjórn fundar.

Áform og áherslur á sviði þróunar á Landspítala kynnt og rædd og lögð áhersla á að þróun verði þáttur í að auka traust til spítalans. Vilji til þess að Landspítali verði samstarfsstofnun sem vinni að tækifærum til að þróa lausnir framtíðarinnar.

Sérstaklega rætt um gervigreind. Stöndum á svipuðum stað og árið 1990 í .com og áhersla lögð á að Landspítali taki þátt í þróuninni. Tryggja þarf að við séum með opinn gagnagrunn, aðgang að gögnunum okkar. Tökum þátt í þróun í sniðlækningum þar sem hér er gott aðgengi að erfðaupplýsingum og framtíðin í einstaklingsmiðaðri heilbrigðisþjónustu.

Áskoranirnar eru margar og það þarf nýsköpun til að styðja við þær. Fjallað um hugtakið nýsköpun og hvað í því felst. Áherslan er sú að byrja á því sem skiptir sjúklinga og notendur máli.

Rætt um ávexti innan seilingar/ber í byggð (e. low hanging fruits) í nýsköpun og áhersla lögð á að hætta að hugsa í deildum og hugsa frekar út frá ferli sjúklinga. Kortleggja ferli sjúklinga í gegnum kerfin okkar. Erum þriðja stigs stofnun og þurfum því að taka mið af fyrsta og öðru stiginu einnig en þurfum að muna að sjúklingurinn gerir ekki greinarmun á stigum heilbrigðisþjónustunnar þegar hann þarf þjónustu.

Mikilvægustu þættirnir við nýsköpun ræddir. Ákall frá samfélaginu um aukin tækifæri, verkfæri og aðstoð við aukin afköst og betri afkomu. Lausnir til að geta mannað þjónustuna.

Rætt um hagsmunatengsl og mikilvægi gagnsæis í tengslum við nýsköpun. Búið að vinna feril sem byggir á gagnsæi og fyrirsjáanleika. Valin eru fjölbreytt verkefni.

Þróun í teymishugsun á verkefnastofu rædd og verkefni sem tekin eru í sprettum. Rætt um verklag á öðrum spítölum í heiminum í tengslum við nýsköpun. Fjallað um nýsköpun á Landspítala við uppbyggingu brjóstamiðstöðvar, ferlið, hvernig lausnir innanhúss voru nýttar.

App spítalans rætt. Litið á það sem framlengingu á sjúkrakerfinu okkar og á að virka sem tól til að minnka áreiti á starfsfólkið. Rætt um þróun app-a í þjónustu og hvort um ofþjónustu sé að ræða. Mikilvægi þess áréttað að undirbúningur slíkra lausna sé vel útfærður og væntingastjórnun rétt.

Rósa Björk Barkardóttir og Svava María Atladóttir víkja af fundi.

4. Önnur mál.

Engin önnur mál rædd.

Fundi slitið – 16:05